

TOLLMEÐFERÐ

sokka og leista í nr. 8 í 51. kafla tollskrár

Við 51. kafla í 2. gr laga nr. 90/1961, um lækun aðflutningsgjalda af ýmsum vörum, er svo fyrir mælt m. a., að heilsokkar kvenna úr gerviþráðum skuli færast í nýtt tollskrárnúmer: 8a í 51. kafla tollskrár.
 Ráðuneytið leggur svo fyrir, að við tollmeðferð skuli sokkar og leistar í nr. 8 í 51. kafla tollflokkað eins og að neðan greinir með þeim gjöldum, sem þar eru tilgreind, og eru vörumagnstollur og verðtollur í nr. 8b tilgreindir með viðaukum samkvæmt lögum. Verðtollur í nr. 8a af heilsokkum kvenna er undanþeginn 80% viðauka, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1961.

Toll- skrár- númer	Toll- eining	Vöru- magns- tollur. Aurar	Verð- tollur %	Tollst- og byggj- gjald %	Söluskattur af innflutn. viðskipt. %	Innflutn- ingsheimild
51. kafla.						
Prjónavörur, ót. a.						
.....						
Prjónavörur úr gervitilki og öðrum þráðum:						
.....						
8 — sokkar og leistar:						
.....						
a — — heilsokkar kvenna		0	30	2	16.5	3.3
b — — aðrir	1 kg	0	70	2	16.5	3.3
.....						

Til nr. 8a hér að ofan teljast aðeins heilsokkar kvenna, en ekki sportsokkar, hálsokkar eða leistar. Þessir síðar nefndu þrenns konar sokkar teljast til nr. 8b ásamt karlmannsokkum o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 16. desember 1961.